

GJALDSKRÁ OG REGLUR

Ljósleiðara Hvalfjarðarsveitar

1. gr.

Hvalfjarðarsveit á og rekur ljósleiðarakerfi innan staðarmarka sveitarfélagsins. Hvalfjarðarsveit er samkvæmt gjaldskrá þessari heimilt að selja aðgang að ljósleiðaranum.

2. gr.

Eigendur íbúðarhúsnæðis í Hvalfjarðarsveit geta óskað eftir því að tengjast ljósleiðarakerfinu. Beiðni um slíkt skal berast Hvalfjarðarsveit á netfangið: hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is Íbúðarhúseigendum í Hvalfjarðarsveit, sem óska eftir ljósleiðaratengingu, skal veittur allt að 200.000 kr. styrkur vegna kostnaðar við lögn og inntöku ljósleiðara í nýtt íbúðarhúsnæði. Sama á við um íbúðarhús þar sem ekki hefur áður verið til staðar ljósleiðaratenging.

Eigendur sumarhúsa og lögaðilar (fyrirtæki, rekstraraðilar) í Hvalfjarðarsveit geta óskað eftir því að tengjast ljósleiðarakerfinu. Beiðni um slíkt skal berast Hvalfjarðarsveit á netfangið: hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is

Þeir aðilar greiða að fullu allan útlagðan kostnað við að tengjast ljósleiðarakerfinu þ.m.t. kostnað við jarðvinnu, efni og tengingar. Heimtaug skal lögð skv. fyrirmælum sveitarfélagsins að sumarhúsi/starfsstöð frá tengipunkti við stofnæð. Ljósleiðaraheimtaugin verður lögð inn fyrir húsvegg hjá umsækjanda.

Í öllum tilfellum skulu lagnir utanhúss og inn fyrir húsvegg vera í eigu sveitarfélagsins, en lagnir innanhúss á ábyrgð húseiganda. Gert er ráð fyrir fullu samráði við landeigendur um staðsetningu lagna og hentugustu lagnaleiðir.

Gjald miðast við áskrift og er innheimt mánaðarlega.

Mánaðargjald pr. notanda er kr. 2.927 - án vsk.

Gjaldið miðast við vísitölu neysliverðs í janúar 2023 og uppfærast skv. breytingum í janúar ár hvert, fyrst í janúar 2024 og skal gilda þannig næsta ár.

Fjarskiptafélögum er einnig veittur aðgangur að ljósleiðarakerfi að undangengnum samningum um m.a. gjaldtöku og þjónustu sbr. 5. gr.

3. gr.

Einungis starfsmenn eða þjónustuaðilar á vegum Hvalfjarðarsveitar mega annast útsetningu á ljósleiðarastreng, lagningu, tengingar eða breytingar á ljósleiðarakerfinu.

Hvalfjarðarsveit tengir viðkomandi notanda við ljósleiðarakerfi sveitarfélagsins að hans beiðni enda hafi viðkomandi uppfyllt eða samþykkt skilyrði þess að tengjast ljósleiðaranum.

Sama á við um samninga, aðgang og tengingar fjarskiptafélaga sem þjónusta notendur með tengingum á sínum vegum.

4. gr.

Allar skemmdir sem kunna að vera gerðar á ljósleiðaranum eða búnaði honum tengdum skulu að fullu greiddar af þeim er tjóninu veldur.

5. gr.

Gjöld fjarskiptafélaga fyrir afnot af ljósleiðara Hvalfjarðarsveitar eru sem hér segir:

- a) Leiga á aðstöðu í tækjaskápum/heilt pláss Hvalfjarðarsveitar kr. 43.847,- pr. mán.
- b) Leiga á aðstöðu í tækjaskápum/hálft pláss Hvalfjarðarsveitar kr. 21.924,- pr. mán.
- c) Flutningur þjónustu á aðrar heimtaugar kr. 5.522,-
- d) Stofngjald ljósleiðara tengingar kr. 5.522,-
- e) Bilanaleit í fjarskiptaskápum kr. 5.522,-
- f) Leiga á ljósþráðum innan kerfis:

Fjarskiptafélög geta leigt ljósþræði til annarra nota en til tengingu endanotenda. Allar vegalengdir miðast við loftlínu á milli tengistaða. Miðað er við að ekki þurfi að gera breytingar á ljósleiðarastreng. Ef gera þarf breytingar þá bætist tíma-, efnis- og tækjakostnaður í samræmi við umfang breytinga. Að öðru leyti er ekkert stofn- eða upphafsgjald vegna leigu.

Leigugjald fyrir ljósleiðaraþræði í streng er eftirfarandi:

Fjöldi Þráða	Leigugjald Kr.km/mán	Skýringar
1	5.990	Vegalengd miðast við loftlínu
2	8.211	Vegalengd miðast við loftlínu
3	9.995	Vegalengd miðast við loftlínu
4	11.507	Vegalengd miðast við loftlínu

Öll gjöld eru án virðisauka, þar sem þjónustan er undanþegin virðisaukaskatti.

Ofangreind gjöld miðast við vísitölu neysluverðs í janúar 2023 og uppfærast skv. breytingum í janúar ár hvert, fyrst í janúar 2024 og skulu gilda þannig næsta ár.

6. gr.

Hvalfjarðarsveit hefur rétt til að loka fyrir aðgang að ljósleiðarakerfi sveitarfélagsins hjá þeim notendum sem vanrækja að greiða áskriftargjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með fimm daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun greiðir sá sem vanskilum veldur hverju sinni.

7. gr.

Eftirlitsmanni Hvalfjarðarsveitar skal hvenær sem er, vera frjálfs aðgangur að öllum búnaði eða kerfum sem tengd eru við ljósleiðara sveitarfélagsins Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum eftirlitsmanns um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar eða gegn misnotkun á notkun ljósleiðarans.

Gjaldskrá þessi tekur þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar, 9. ágúst 2023.